

Nr. 50. Lagt fram í héraðsdómi
Reykjavíkur 21. júní 2023

GREINARGERÐ

varnaraðila í héraðsdómssálinu nr. K-3162/2023

Anti Defamation-League

gegn
1984 ehf.

Málflutningsumboð:

Ólafur Örn Svansson hrl., Forum lögmönnum, Ármúla 13, Reykjavík, flytur mál þetta fyrir hönd varnaraðila, 1984 ehf.:

Dómkröfur:

Varnaraðili krefst þess að staðfest verði sú ákvörðun Sýslumannsins í Reykjavík, sem tekin var þann 3. maí 2023, í lögbannsmáli nr. 2023-260291, að hafna kröfu sóknaraðila um lögbann við hýsingu varnaraðila á vefsíðunni <https://mapliberation.org> sem og gögnum, efni og upplýsingum sem birt eru á vefsíðunni og við því að varnaraðili veiti aðgang að vefsíðunni, dreifi gögnum, efni og upplýsingum sem birt eru á vefsíðunni.

Þá krefst varnaraðili þess að sóknaraðili verði úrskurðaður til þess að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi, sem lagður verður fram við aðalmeðferð málsins, eða að mati dómsins.

Málsástæður og önnur atvik:

I

Varnaraðili 1984 ehf. sérhæfir sig í vefhýsingu fyrir fyrirtæki og einstaklinga um allan heim. Hjá fyrirtækinu eru hýstar þúsundir vefsíðna.

Krafa sóknaraðila um lögbann var tilkomin vegna efnis sem vísað var til á vefsíðunni www.mapliberation.org, en efnið sem lénið vísar til er hýst hjá varnaraðila.

Samkvæmt vefsíðunni segjast fyrirsvarsmenn hennar vera að stuðla að dýpri skilningi almennings á stöðu Palestínumanna sem og stuðningi við baráttumál sem þeir standa fyrir. Fram kemur að fyrirsvarsmenn vefsíðunnar telja að andstæðingar fullveldis

Palestínu standi sameiginlega gegn hagsmunum Palestínu og vinni saman í hagsmunagæslu gegn baráttumálum Palestínu með því að samhæfa aðgerðir sínar. Samkvæmt vefsíðunni vilja aðstandendur hennar varpa ljósi á þessar tengingar. Þá vilja aðgerðasinnarnir, sem standa að baki síðunni, sameina krafta þeirra sem eiga sameiginlega hagsmuni til að auka þrýsting á þá sem vinna gegn hagsmunamálum Palestínu. Á vefsíðunni er að finna tilvísun í kort um þá sem fyrirvarsmenn vefsíðunnar telja að eigi í hlut eða tengjast þeim líkt og rakið verður síðar í greinargerð þessari. Er útlistað hvernig hver og einn vinnur gegn hagsmunamálum þeim sem aðstandendur síðunnar standa fyrir, þ.m.t. fullveldi Palestínu og þar m.a. vísað til landnemabyggðanna. Farið er yfir það hvernig stofnstuðningur við nýlendustefnu er skipulagður og ætluð tengsl tiltekinnna aðila við nýlendustefnu Ísraelsmanna. Vakin er athygli á að sumir séu eigendur lands á hernumdum svæðum. Þá telja fyrirvarsmenn síðunnar að tilteknir aðilar sem þar eru nefndir styðji nýlenduvæðinguna. Í þýðingu sem sóknaraðili sjálfur leggur fram er eftirfarandi sagt m.a. um tilgang vefsíðunnar:

„Korti þessu er fyrst og fremst ætlað að hvetja til samskipta á milli skipuleggjanda hreyfinga og að auka stjórnmalagreiningar á sama tíma og við styrkjum samfélagslegar forsendur. Frá okkar sjónarhóli séð er styrking samfélagslegrar forsendna öflun þekkingar skipulagsaðila og undirstrika róttæka greiningu og skapa mótvægi fyrri kynslóða sem hafa verið bældar. Markmið okkar með þessu heildarkortlagningu var að varpa ljósi á niðurbrotsfélög og samtök til þess að gera okkur kleift að uppræta þau. Sérhvert félag hefur heimilisfang – unnt er að uppræta öll samtök“

Á kortinu er nokkur hundruð félög tilgreind. Aðeins einn krefst lögbanns, nánar sóknaraðili máls þessa sem ber heitið Anti Defamation-League (hér eftir ADL) sem hefur lögheimili í New York samkvæmt lögbannsbeiðninni.

Í umfjöllun um félagið segir á vefsíðunni að félagsmenn ADL dulbúist undir regnhlíf „almannaréttar“ en því er haldið fram að ADL séu í raun samtök sem hafi það að markmiði að vernda gagnkvæma hagsmuni bandarískra og Ísraelskra stjórnvalda og koma í veg fyrir einingu á meðal kúgaðra, einkum hvað varðar Palestínu. Þannig njósnir þeir um aðgerðarsinna og notfæri sér tengsl við stjórnvöld, lögreglu, skóla og viðskiptafélög á sama tíma og þeir grafa undan starfsemi þeirra með því að halda á lofti einhliða áróðri til stuðnings Ísrael. Þá segir á vefsíðunni að á sama tíma og ADL þykist styðja gyðinga hafi samtökin stutt við ofbeldi gegn gyðingum. Þá segir að ekki sé unnt gera úrbætur á samtökunum heldur verði að leysa þau upp (e. dismantled).

Í sagnfræðilegu ljósi ber að horfa til þess að Sameinuðu þjóðirnar (SP) tóku um það ákvörðun eftir seinni heimsstyrjöldina að skipta landsvæðinu sem þekkt er í dag sem Ísrael og Palestína á milli gyðinga og araba. Skiptingin var samþykkt á allsherjarþingi samtakanna 1947. Skiptingin var samþykkt af Ísraelsmönnum en ekki af arabum. Frá

Sex daga stríðinu 1967 hefur Vesturbakkinn verið undir hernámi Ísraelshers líkt og þekkt er.

Í dag viðurkennir meirihluti ríkja fullveldi Palestínu. Þannig viðurkenna rúmlega 70% allra ríkja sem eiga aðild að SÞ Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki eða 136 lönd, þ.m.t. Ísland sem var fyrst ríkja í Vestur- og Norður Evrópu til að viðurkenna fullveldið.

Það ríki sem helst hefur beitt sér gegn fullveldi Palestínu er Bandaríkin en Bandaríkin hafa oftast allra ríkja beitt sér fyrir hönd Ísrael þegar mál tengd Palestínu og Ísrael hafa komið til umfjöllunar í öryggisráðinu en Bandaríkin eru eitt fimm ríkja sem hafa neitunarvald í öryggisráðinu. Sum málin sem hafa komið til umfjöllunar öryggisráðsins varða landtökubyggðir Ísraela sem alþjóðasamfélagið hefur talið ólöglegar að teknu tilliti til alþjóðalaga. Landtökubyggðirnar hafa lengi verið eitt helsta deilumálið en við lestur skrifa fræðimanna má sjá að þeir eru almennt sammála um að þær séu það sem stendur helst í vegi fyrir því að samkomulag náist.

Á vefsíðunni www.mapliberation.org hefur þjónustuþegi sem fyrr segir listað upp þá aðila sem þjónustuþeginn telur að vinni gegn hagsmunum sem þjónustuþeginn er að vernda og/eða að þeir vinni leynt og ljóst í því innan stjórnkerfisins í Bandaríkjunum að réttur Palestínu verði ekki viðurkenndur.

II

Á vefsíðunni er að finna nokkuð vandaða umfjöllun um þau fyrirtæki, félög og stofnanir sem vefsíðan vísar til. Sem fyrr segir er aðeins lítill hluti hennar tileinkaður ADL. Sóknaraðili leggur fram mikið magn af efni af vefsíðunni en kýs að þýða aðeins örlítinn hluta. Verður að leggja þann skilning í málatilbúnað sóknaraðila að hann telji þann hluta sem hefur verið þýddur brjóta gegn ætluðum rétti hans.

Á vefsíðunni kemur fram að ADL sé mjög vel fjármögnuð samtök með yfir 221 milljón dala í eignum. Þá hafi heildartekjur verið yfir 91 milljón dala samkvæmt ársreikningi samtakanna fyrir árið 2020 (dskj. 51). Þar af komi u.þ.b. 85 milljónir dala í formi framlaga en ADL gefur ekki upp hvaðan framlögin koma. Á vefsíðunni kemur fram að ADL noti umtalsverðan hluta af eignum sínum til að fylgjast með og kæfa samtök og einstaklinga sem ögra m.a. zionisma, heimsvaldastefnu Bandaríkjanna eða frjálslyndum hópum sem ADL telur ógna hagsmunum samtakanna.

Á vefsíðunni er svo lýst dæmum um starfshætti ADL:

Þar er fyrst nefnt að árið 1967 hafi Samhæfingarnefnd stúdenta án ofbeldis sem skammastafað er SNCC (e. the Student Nonviolent Coordinating Committee), birt grein í fréttabréfi sínu sem lýsti zionisma sem nýlenduhreyfingu sem byggir á

yfirburði hvíttra. Í greininni voru færð rök fyrir því að „zionistaverkefnið“ hafi fengið stuðning og hvatningu frá Bretlandi, Bandaríkjunum og öðrum hvítum vestrænum nýlendustjórnnum. Þessi stuðningur hafi veitt nýlenduherrum kleift að yfirtaka lönd og heimili annarra en hvíttra. Í grein SNCC var því haldið fram að þessi zionista nýlenda Palestínu hafi passað inn í heimsvaldastefnu ríkjanna. Þannig hafi skiptingarátlan Sameinuðu þjóðanna frá 1947 í fyrstu aðeins verið samþykkt af „hvítum ríkjum Evrópu, Ameríku og Ástralíu.“

Þá kemur fram í greininni að zionismi sé tegund af yfirráðum hvíttra sem skaðar gyðinga líka þar sem gyðingar sem eru dökkir á höfund „frá Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku eru annars flokks borgarar í Ísrael“ vegna þess að „litalínan setur þá í óæðri stöðu en hvíta evrópskra gyðinga“ eins og þar segir.

Á vefsíðunni segir um þessa grein SNCC að hún hafi í stuttu máli verið of sönn. ADL hafi því talið sig knúna til að grípa inn í. Í ágúst 1967 hafi ADL þannig lýst SNCC sem svörtum öfgasamtökum (e. Negro extremis) og sakaði SNCC um „gyðingahatur“ sem borin voru saman við Ku Klux Klan.

Í framhaldi af umfjöllun á vefsíðunni um atilögum ADL að SNCC er fjallað um árásir ADL gegn öðrum hópum og þar bent á að ADL hafi talið sig hafa úrslitavald um hvað telst „ábyrg“ andspyrna. Þannig hafi ADL ráðist að hreyfingunni „Movement for Black Lives“ vegna yfirlýsingar hreyfingarinnar um samstöðu við baráttu Palestínnumanna. Þannig var baráttan hennar kennd við „gyðingahatur“ með sama hætti og gert er nú gagnvart efni umræddra vefsíðu. Þá er vísað til skrifanna Emmaia Gelman sem er lektor við New York háskóla í amerískum fræðum sem jafnframt er að finna á dskj. nr. 62. Eftir henni er haft að grasrótarsamtök séu mest áberandi gagnrýnin á ADL vegna þess að ADL hafi náð að grafa undan öllum alþjóðlegum samstökum sem hafa gagnrýnt ADL.

Á árinu 2020 gagnrýndu ýmsir hópar, sem berjast fyrir félagslegu réttindum, ADL fyrir þöggunartilburði og kröfðust þess um leið að ýmsar stofnanir hættu samstarfi við ADL. Samtökin voru m.a. sökuð um að ráðist að réttlætishreyfingum sem eru undir forystu þeirra sem ekki eru af hvítum kynstofni, hinsegin fólki, innflytjendum, múslimum, arabum og jaðarhópum á sama tíma og samtökin stilla sér upp m.a. með hægrisinnuðum öfgamönnum. Nokkrir af þessum hópum er tilteknir á vefsíðunni.

Annað dæmi sem tiltekið er á vefsíðunni um starfshætti ADL er eftirlit samtakanna með þeim sem gætu sýnt samstöðu með baráttu Palestínnumanna.

Þannig er því haldið fram að ADL hafi unnið m.a. gegn palestínskum eða öðrum arabískum samtökum sem styðja frelsisbaráttu Palestínnumanna. Fulltrúar ADL hafi haft sérstakt eftirlit með þessum hópum og jafnvel komið sér inn í þá allt í þeim tilgangi að skilgreina þá sem boðbera „gyðingahaturs“.

Á vefsíðunni er fjallað um bréf ritað af Benjamin Epstein, þáverandi framkvæmdarstjóri, ADL til Paul Joftes aðalritara samtakanna frá 7. júlí 1961 (dskj. 56) þar sem þar sem hann útskýrir markmið þessara aðgerða sem nefndar eru á vefsíðunni „njósna-aðgerðir“. Í bréfinu, sem einnig er fjallað um í frétt á dskj. 57, segir m.a. í grófri þýðingu varnaraðila:

ADL hefur í mörg ár haldið uppi mjög mikilvægu rannsóknarhlutverki um athafnir og áróður araba. Við höfum safnað saman upplýsingum síðan 1948 um starfsemi í tengslum við arabískar ræðisskrifstofur, arabísku sendinefndina hjá Sameinuðu þjóðunum, upplýsingamiðstöð araba, Arabísku flóttamannaskrifstofuna og samtök arabískra námsmanna.

Upplýsingar frá okkur hafa verið mikils virði og þjónað bæði bandaríska utanríkisráðuneytinu og ísraelsku ríkisstjórninni auk þess að vera nauðsynlegar fyrir starfsemi okkar. Upplýsingarnar hafa verið gerðar aðgengileg í báðum löndum með fullri vitneskju um þær séu frá okkur komnar. Í mörgum tilfellum hafa upplýsingar okkar afhjúpað áætlanir Araba áður en þær hafa komi til framkvæmdar.

Á vefsíðunni kemur fram að ADL noti tengsl inn á háskólasvæðum (e. Campuses) til að framkvæma áður nefnt eftirlit. Í því sambandi er á vefsíðunni vísað til þess að árið 1983 hafi ADL útbúið bækling með nöfnum einstaklinga og samtaka sem samtökin líta á sem „pro-araba áróðursmeistara“. Í frétt sem birtist í New York Times 30. janúar 1985 undir fyrirsögninni „Middle east group wnts Anti-Defamation League to dosown list“ var nafnalistinn, sem var stimplaður „trúnaðarmál“, sendur út árið 1983 af skrifstofu ADL til nokkurra tuga leiðtoga gyðinga á tilgreindu háskólasvæði (dskj. 61). Samkvæmt fréttinni fylgdi bæklingnum fylgibréf frá Leonard Zakim, framkvæmdastjóra ADL í New England, þar sem segir í grófri þýðingu varnaraðila:

„Ef þú þarft frekari upplýsingar um þessa hópa eða aðra vinsamlegast hringdu í okkur. Enn fremur, ef þú hefur einhverja vitneskju um einstaklinga eða hópa sem ekki eru skráðir í bæklingnum, vinsamlegast sendu okkur upplýsingarnar svo að við getum haft fullkomnari og gagnlegri skráningu um þá.“

Fram kemur á vefsíðunni að umræddur bæklingur hafi aðeins verið toppurinn á ísjakanum. Eftirlit ADL hafi verið mun víðtækara allt frá miðri síðustu öld. Þannig hafi mönnum orðið betur ljóst í níunda áratug síðustu aldar hversu víðtæk starfsemin var í kjölfar málsóknar á hendur samtökunum. Málið mun hafa komið upp vegna uppljóstrana um að samtökin hafi unnið með lögreglu í Kaliforníu þar sem njósnað var um einstaklinga og hópa en unnt er að lesa um dómsmálið í frétt Los Angeles Times frá 28. september 1999 sem ber nafnið *Anti-Defamation League Settles Spying Lawsuit* (dskj. 54). Einnig er fjallað um málshöfðunina m.a. í frétt Eir News Service sem

rituð er af Joseph Brewda 7. maí 1993 undir fyrirsögninni „*The Joftes Case: ADL spying for Israel since the 1960s*“ (dskj. 55).

Málskjöl sýndu að ADL höfðu haft eftirlit með yfir 10.000 einstaklingum og yfir 900 samtökum sem tóku þátt í réttindabaráttu ýmissa hópa, svo sem frelsun Palestínumanna, baráttuhópa innflytjenda, baráttuhópa samkynhneigðra o.fl. Upplýsingunum var ætlað að ná til allra sem sýnt hefðu samstöðu með baráttu Palestínumanna eða á annan hátt ógnað hagsmunum Bandaríkjanna og Ísraels. Gögnin munu einnig hafa staðfest að ADL hafði átt í samráði við ríkisstjórnir Suður-Afríku um aðskilnaðarstefnuna og veitt upplýsingar um svarta aðgerðarsinna gegn aðskilnaðarstefnunni. Jafnframt munu þar hafa verið gögn sem staðfestu að samtökin hefðu veitt upplýsingar um palestínska aðgerðarsinna til ísraelskra stjórnvalda.

Á vefsíðunni er svo settur fram listi yfir samtök sem ADL njósnaði um samkvæmt gögnum sem birtust út úr umræddri málshöfðun. Þar eru m.a. nefnd eftirfarandi samtök:

- General Union of Palestinians Students (GUPS)
- Institute for Palestine Studies
- Palestine Congress of North America
- Palestine Human Rights Campaign
- Palestine National Council
- Palestine Solidarity Committee
- Search for Justice and Equality in Palestine
- The Organization of Arab Students in the United States and Canada
- Association of Arab-American University Graduates
- League of Arab Students
- American Jewish Alternatives to Zionism
- Jewish Alliance Against Zionism
- Union of Iranian Students
- American Indian Movement (AIM)
- National Indian Treaty Council
- Asian Law Caucus
- Japanese-American Citizens League
- ACT UP
- Centro Legal de la Raza
- Irish Northern Aid

Einnig mun ADL samkvæmt sömu gögnum hafa haft eftirlit með fulltrúum í stéttarfélagum og verkalyðsfélögum í San Francisco. Þá mun hafa verið haft eftirlit með einstaklingum allt frá framhaldskólanemum til þekktra rithöfunda eins og Edward Said, Walid Khalidi, Eqbal Ahmad og Noam Chomsky.

Í ljós mun hafa komið að ADL hafði notað tvo lykilmenn í eftirlitsaðgerðum sínum í Kaliforníu. Annars vegar Tom Gerard sem var lögregluþjónn í San Francisco og hins vegar Roy Bullock, fyrrum kraftlyftingamaður sem þóttist vera listaverkasali þegar hann nálgadist þá sem hann hafði eftirlit með. Á vefsíðunni er m.a. vísað til greinar Jeffrey Blankfort sem birtist á fréttaveitunni CounterPunch þann 12. júní 2016 (dskj. 57).

Fram kemur að Alex Odeh sætti eftirliti ADL. Hann var Palestínumaður sem hafði starfað sem svæðisstjóri bandarísku-arabísku nefndar gegn mismunun á vesturströndinni, skammstafað ADC (e. the American-Arab Anti-Discrimination Committee). Odeh var myrtur árið 1985 þegar sprengja sprakk á skrifstofu hans í Los Angeles af aðgerðasinninum sem styðja Ísrael. Rannsakendur munu hafa fundið lykil að skrifstofunni og teikningu af húsnæðinu í gögnum sem njósnari ADL, Roy Bullock, mun hafa tekið saman um Odeh. Á vefsíðunni er vísað til heimilda, þ.m.t. greinar The Intercept um atburðinn.

Fram kemur að Bullock hafi náð að komast inn í ADC og með því hjálpað ADL að skilgreina ADC ranglega sem „gyðingahatara“. Jeffrey Blankfort, aðgerðarsinni sem sjálfur þurfti að þola njósnir af hálfu ADL, hefur ritað um hlutverk Bullock. Þar kemur meðal annars fram að honum hafi verið falið af hálfu ADL að koma fyrir bæklingi frá ADC á ráðstefnu samtaka sem afneitar helförinni í þeim tilgangi að gera ADC ranglega upp þær sakir að vinna gegn gyðingum þegar svo var alls ekki.

Einnig kemur fram að Chris Hani, sem var dökkuður Suður-afrískur aðgerðasinni, hafi verið myrtur í Suður-Afríku 10. apríl 1993 skömmu eftir að hann ferðadist til Kaliforníu til að halda ræður. Í ljós mun hafa komið að lögregluþjónn sem starfaði fyrir ADL hafði útbúið ítarlega skýrslu um Hani fyrir aðskilnaðarsinna Suður-Afríku en fram kemur að Ísrael hafði um tíma stutt og vopnað aðskilnaðarsinna Suður-Afríku og treystu á aðstoð ADL til að koma í veg fyrir samstöðu milli frelsisbaráttu Palestínumanna og Suður-Afríku.

Því er á vefsíðunni fjallað um heimildir fyrir því að ADL haldi áfram að fylgjast með samtökum og hópum sem þeir telja að ógni hagsmunum þeirra. Þannig séu einstaklingar hvattir til að ganga í slík samtök til að afla upplýsinga. Í því sambandi er nefnt að eftir árás í Charlottesville í Virginíu árið 2017 hafi ADL hvatt bandaríska lögreglu til að kvikmynda og koma fyrir starfsmönnum leyniþjónustu í hópum sem vinna gegn kynþáttafordómum og fasistum til að afla upplýsinga fyrir saksókn.

Þriðja dæmi sem tiltekið er á vefsíðunni um starfshætti ADL eru heimildir fyrir því að samtökin stuðli að kynþáttafordómum m.a. með því að ráðast að samtökum sem ögra yfirráðum hvíttra. Þá vinni ADL leynt og ljóst að því að vinna að stefnumótun sem er hliðholl Ísrael innan stjórnkerfis Bandaríkjanna sem felst m.a. í nánunni samstarfi við bandaríska lögregluna, skóla og fyrirtæki.

Á vefsíðunni kemur fram að ADL nálgist lögreglumenn einkum í gegnum þjálfun þeirra og það sé gert að skipulegan hátt. Þannig hafi ADL haldið sína fyrstu lögregluþjálfun í febrúar 1951, sem bar titilinn „Lögreglumaðurinn og hlutverk hans á sviði mannglegra samskipta,“ (e. “The Policeman and His Role in the Field of Human Relations). Á vefsíðunni er vísað í skýrslu ADL frá árinu 1967 sem ber yfirskriftina „MAJOR PROGRAMS OF THE B'NAI B'RITH ANTI-DEFAMATION LEAGUE : 1945-1965“ sem er lögð fram sem dskj. nr. 52. Á vefsíðunni kemur fram að ADL hafi samkvæmt skýrslunni litið á lögregluna sem lykilinn að því að tryggja að réttindahreyfingar yrði ekki of róttækar. Í skýrslunni kemur fram að ADL hafi á þeim tíma veitt þjálfun fyrir „meira en 130 æðstu yfirmenn lögreglu frá 31 ríkjum Bandaríkjanna.“ Einnig er á vefsíðunni fjallað um skýrslu Dore Schary, stjórnarmanns ADL til Benjamin R. Epstein, framkvæmdastjóra ADL frá 1964 sem er að finna á dskj. nr. 53.

Fram kemur á vefsíðunni að ADL hafi síðan skýrslurnar voru ritaðar aukið þjálfun sína fyrir lögreglu til muna og þannig náð að miðstýra „fræðslu“ og samhliða gert lítið úr kynþáttafordómum í bandarísku samfélagi. Á áttunda áratugnum mun ADL hafa hleypt af stað svokallaðri „A World of Difference“ áætlun sem var sögð ætlað að „berjast gegn fordómum“ í skólum þar sem lögregla fékk umfangsmikið hlutverk. Í umfjöllun á vefsíðunni er vísað til skrifna Emmaia Gelman um þessa áætlun sem er að finna í grein sem hún ritaði í Boston Review 23. maí 2019 undir fyrirsögninni „*The Anti-Defamation League Is Not What It Seems*“ (dskj. 62). Fram kemur að ýmsir hópar sem unnu gegn rasisma og þeir sem studdu baráttu samkynhneigðra hafi sett sig upp á móti umræddri áætlun ADL. Á því er byggt að hún stuðli að andúð gegn íslam auk þess sem áætlunin leiddi til ofbeldis gegn samkynhneigðum. Þá er á það bent að ADL setti sig upp á móti hógværustu baráttuhópum gegn mismunun. Í grein Emmaia Gelman er einnig fjallað um eftirlit samtakanna með einstaklingum, hópum o.fl.

Fram kemur á vefsíðunni að í kjölfar árásarinnar 11. september 2001 hafi ADL fengið tækifæri til að auka samskipti sín við bandaríska lögreglu. Þannig segir að í kjölfar árásarinnar, sem sannanlega hafði aukið fordóma gegn arabum og múslimum, hafi ADL aukið lögregluþjálfun sína. Þá hafi ADL skipulagt ferðir fyrir lögreglu og tengdar stofnanir á „National Counterterrorism Seminar“ í Ísrael sem greiddar voru af ADL, þ.m.t. uppihald. Í ársskýrslu ADL fyrir árið 2016, sem vísað er til á vefsíðunni, státa samtökin sig af því að „100% af helstu lögregludeildum í borgum Bandaríkjanna hafi sent þátttakendur á ráðstefnu ADL gegn hryðjuverkum í Ísrael og framhaldsþjálfunarskóla ADL í ógnum öfgamanna og hryðjuverka.“ (dskj. 59). Á vefsíðunni kemur fram að ADL hvetji lögreglu með þessum ferðum til að samsama sig Ísrael, líta á Palestínnumenn sem „hryðjuverkamenn“ og líta á þá sem sýna samstöðu með Palestínnumönnum sem stuðningsmenn hryðjuverkamanna.

Þá kemur fram á vefsíðunni að lögregla og tengdir aðilar frá New England hafi einnig verið þátttakendur í þessum ferðum til Ísrael. Þar eru nefndar fjölmargar lögreglusveitir, starfsmenn innflytjenda- og tollgæslu í Boston (ICE), heimavarnadeild New England, US Marchall Service, US Secret Service, og ýmsar skrifstofur embættis sýslumanna og háskólalögreglu. Robert Trestan, forstjóri ADL í New England mun hafa fært þau rök fyrir þessum ferðum á vefsíðu ADL í New England, sem vísað er til á vefsíðunni, að þeim væri ætlað að samræma staðbundnar lögregluaðferðir við ísraelskar aðgerðir. Í grófri þýðingu varnaraðila segir þar:

Það er mikilvægt að lögregludeildir í Massachusetts geti komið í veg fyrir og brugðist við glæpum samhliða því að vernda okkur gegn hryðjuverkaógninni. Ríkislögreglan í Ísrael hefur verið í fremstu víglínu í baráttunni gegn hryðjuverkum í áratugi og er fær um að miðla af eigin reynslu sinni við að halda almenningi öruggum þrátt fyrir margvíslegar ógnir.

Á vefsíðunni er á það bent að í þeim tilvikum þegar þjálfunin fer fram í Bandaríkjunum fyrir milligöngu ADL séu Ísraelsmenn einnig við þjálfun. Nefnt er dæmi um að árið 2019 hafi ADL í New England haldið svokallað „Law Enforcement Seminar“. Fyrir ráðstefnuna mun ADL hafa framléitt upplýsingaskjöl um það sem ADL skilgreindi sem „öfgastefnu“ sem þeir deildu með lögregludeildum sem tóku þátt í ráðstefnunni. Framangreindu til stuðnings eru lögð fram nokkur þau skjöl sem vísað er til á vefsíðunni sem stafa frá ADL, þ.m.t. tölvupóstur, kynningarefni og kostnaðaruppgjör (dskj. 60).

Þá kemur fram á vefsíðunni að ADL hafi ásamt nokkrum öðrum hópum verið virkir í baráttu gegn sniðgöngu á vörum frá Ísrael. Þannig hafi ADL beitt sér þegar til umræðu voru í borgarstjórn Cambridge að setja slíkar reglur bæði árið 2018 og 2021. Á vefsíðunni segir að þetta sé ekki í fyrsta sinn sem ADL hafi beitt sér í þessum málum. Þannig er á það bent að samtökin hafi lýst því yfir árið 1976 að „sniðganga araba [á Ísrael] sé siðlaus vegna þess að hún sé ósanngjörn, feli í sér mismunun og sé eyðileggiandi fyrir opna bandaríska markaðinn.“ Á síðasta áratug mun ADL hafa gegnt leiðandi hlutverki í tilraunum til þess að fá samþykkt lög í Massachusetts sem banna að teknar séu upp reglur um sniðgöngu er snýr að hagsmunum Ísrael og geri það auk þess refsivert. Það mun ekki enn hafa gengið eftir.

Þá er því haldið fram með rökum að ADL ýti undir andstöðu við hagsmuni Palestínu í gegnum samstarf samtakanna við fjölda fyrirtækja. Þannig vinni samtökin svo dæmi séu tekin með fyrirtækjum sem halda úti vefleitarvélum og veiti aðstoð við að uppræta og fjarlægja það sem ADL metur sem „gyðingahatur“. Þannig vinni samtökin við „efnisskoðun“ á vefsíðum (e. Content vetting partner) í samstarfi t.d. við Google og Microsoft. Þar sem matið er í hendi ADL þýði þetta oft á tíðum að fjarlægt er efni er varðar réttindabaráttu Palestínu enda þótt það hafi ekkert með „gyðingahatur“ að

gera. Þannig takist að bæla niður raddir Palestínnumanna. Á vefsíðunni er þessu til stuðnings m.a. vísað til greinar Mariam Barghouti sem birtist á vefsíðunni restofworld.org undir yfirskriftinni „I am Palestinian. Here's how Israel silences us on social media“ (dskj. 63) þar sem bent er á að umfjöllun um ýmis atvik sem tengjast Palestínu séu fjarlægð af samfélagsmiðlum. Með því er verið að þagga niður óþægilegar raddir sem beinast gegn hagsmunum sem ADL er að verja.

Þá er vakin á því athygli á vefsíðunni að upplýsingar liggi fyrir um að ADL nái stefnumiðum sínum fram í gegnum skólasamstarf. Þannig hafi ADL í New England verið í samstarfi við almenningsskólakerfið í Massachusetts við að endurskoða námskrána og þjálfra kennara. Í því samstarfi hafi verið beitt þrýstingi til að fá breytt efni sem þótti ekki þóknanlegt Ísraelsmönnum. Nánar er á vefsíðunni vísað til þess að árið 2019 hafi ADL hrósað sér fyrir árangur af þessu inngripi og útskýrt í hverju það hafi verið falið. Er gengið svo langt að þakka hagsmunagæslu fyrir það að hafa náð að breyta námskránni þannig að fjallað er meira um Ísrael og á jákvæðan hátt gagnvart umræðunni um Mið-Austurlönd.

Fjórða dæmið sem nefnd er á vefsíðunni er hvernig ADL hefur mótast af hagsmunum bandarískra stjórnvalda á erlendri grundu. Þar kemur fram að Ísrael hafi lengi stutt heimsvaldastefnu Bandaríkjanna með því að þjálfra, vopna og njósna fyrir hönd Bandaríkjastjórna um allan heim. Þetta sé staðreynd sem hægt sé að lesa um víða. Þá er á því byggt í umfjöllun á vefsíðunni að ADL gegni stuðningshlutverki í þessu bandalagi. Þar séu samtökin dugleg við að veifa „gyðingahaturs“ spjaldinu þegar um er að ræða ríkisstjórnir sem ógna hagsmunum Bandaríkjanna og Ísraels en gera um leið lítið úr glæpum ríkisstjórna sem studdar eru af sömu ríkjum.

Á vefsíðunni eru nefnd mörg dæmi sem tengjast m.a. Suður-Ameríku í öllum tilvikum vísað til heimilda. Í niðurlagi umfjöllunarinnar segir að öll dæmin sýni hvernig afstaða ADL á hverjum tíma hefur ekkert með staðreyndir eða sögu að gera heldur sé þröngt afmörkuð við hagsmunagæslu gagnvart hagsmunum Ísrael og Bandaríkjanna.

Fimmta dæmið sem er tiltekið í umfjöllun um ADL er hvernig samtökin geta beint blinda auganu gagnvart nasisma þegar umræðan beinist að bandarískum heimsvaldahagsmunum.

Nauðsynlegt er að draga fram þessa umræðu á vefsíðunni samhengisins vegna. Á vefsíðunni kemur fram að ýmsir hópar eigi undir högg að sækja ef ADL metur þá „andstæðinga“ málstað samtakanna, hvort sem það eru alþjóðleg félög eða grasrótarfélag sem berjast t.d. fyrir réttindum flóttafólks, samkynhneigðra, kynþáttahatri eða málefnum Palestínu, líkt og að framan hefur verið rakið. Vefsíðunni er fyrst og fremst ætlað að útskýra það hvernig unnið er með skipulögðu hætti gegn tilteknum hópum til að stjórna umræðunni og til að gæta hagsmuna tiltekna ríkja á kostnað annarra. Þjónustuþegi telur sig þurfa að útskýra hvaða aðilar er um að ræða

og hvernig þeir tengjast. Þær upplýsingar eru nauðsynlegar almenningi líkt og skrá um hagsmunatengingu t.d. stjórnámálanna. Tengingarnar geta verið af ýmsum toga. Á vefsíðunni hafa þeir sem tengjast ADL með þessum hætti einfaldlega verið listaðir upp en einkum er um að ræða lögregluembætti og tengda aðila.

III

Varnaraðili telur að tjáningarfrelsi þjónustuþega vegi þyngra en ætlaðir hagsmunir sóknaraðila, ADL Varnaraðili vekur á því athygli að krafan, eins og hún var lögð fyrir embætti sýslumanns, byggir ekki á því að efni vefsíðunnar fari á svig við meginreglur um friðhelgi einkalífs heldur einvörðungu að efni vefsíðunnar hafi *augljós einkenni haturorðræðu og gyðingahaturs*. Varnaraðili er nánar að halda því fram að ummæli á vefsíðunni sem lénið vísar til og hýst er hjá varnaraðili falli undir 233. gr. a almennra hegningarlaga. Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hefur þegar tilkynnt um ætluð brot til lögreglu. Það er nánar á valdi lögreglu eða ákærvaldsins að meta hvort brotið sé gegn nefndu ákvæði. Lögregla hefur þegar tekið málið til skoðunar og telur ekki ástæður til viðbragða frekar en lögregla eða stjórnvöld í Bandaríkjunum. Varnaraðili mótmælir þeirri málsástæðu að lögregla telji sig þurfa að bíða eftir dómsúrskurði til að geta gripið „til aðgerða gagnvart því fyrirtæki sem annast hýsingu vefsíðunnar“ líkt og byggt er á í greinargerð sóknaraðila. Ef þessar upplýsingar hafa verið veittar sóknaraðila af lögreglu hér að landi fá þessi vinnubrögð ekki stoð í lögum. Ákvörðun um saksókn er einfaldlega á hendi ákærvaldsins og getur ekki ráðist af niðurstöðu í einkaréttarlegu lögbanasmáli.

Þá liggur fyrir að sóknaraðili hefur beint kröfum á hendur opinberum aðilum í Bandaríkjunum, þ.m.t. lögreglu, sem hefur ekki talið efni til að bregðast við efni síðunnar. Varnaraðili vekur sérstaka athygli á því að lénið sjálft er skráð hjá fyrirtækinu GoDaddy sem er bandarískt fyrirtæki sem sérhæfir sig í skráningu á lénnum en fyrirtækið er með höfuðstöðvar í Tempe, Arizona. Starfsmenn fyrirtækisins eru tæplega 7.000. Upplýst er að sóknaraðili hefur þegar beint kröfum á hendur því fyrirtæki. Í frétt sem birtist í *The times of Israel* síðastliðið sumar undir fyrirsögninni: *ADL organizing forum to address 'danger' of pro-Palestine 'mapping' project* segir eftirfarandi:

Internet company GoDaddy, where the website's domain name is registered, reviewed the website and concluded it didn't violate its domain name registration agreement, spokesperson Nick Fuller said in a statement.

Fyrirtækið GoDaddy sem er risavaxið á þessum markaði tók þannig kröfur sóknaraðila til nákvæmrar skoðunar og niðurstaðan sú að efni vefsíðunnar færi ekki í bága við reglur félagsins en efni vefsíðu sem lénið vísar til má ekki brjóta gegn lögum. Umrætt fyrirtæki komst þannig að sömu niðurstöðu og varnaraðili.

Kröfur sóknaraðila virðast þannig hafa siglt í strand hvert sem þeim hefur verið beint. Síðasta hálmstráið virðist þannig vera krafa um lögbann hér á landi á grundvelli nákvæmlega sömu sjónarmiða og ekki hafa hlotið hljómgrunn annars staðar, þ.m.t. hjá yfirvöldum í Bandaríkjunum þar sem lénið er skráð og aðilar sem efnið beinist að eru staðsettir. Varnaraðili telur hér langt seilst en málatilbúnaðurinn hjá sóknaraðila í máli þessu endurspeglar e.t.v. þær fullyrðingar sem fram koma á vefsíðunni um starfshætti ADL og tilgang samtakanna sem er sagður m.a. að kæfa niður óþægilega umræðu sem gæti skaðað samtökin eða þá hagsmuni sem þeim er ætlað að vernda. Rökin eru þau að umfjöllunin feli í sér „hatusorðræðu“ eða „gyðingahatur“. Þessum málatilbúnaði er mótmælt.

IV

Á því er byggt að hafna beri kröfum varnaraðila um að lögbann verði lagt við að varnaraðili hýsi efni umræddrar vefsíðu hvort sem er undir umræddu léni eða öðru léni eða að lagt verði lögbann við því að vefsíðan verði gerð aðgengilegt almenningi.

Sem fyrr segir er efni vefsíðunnar varið á grundvelli tjáningarfrelsis. Varnaraðili leggur áherslu á að höfundar efnis á vefsíðunni njóta tjáningarfrelsis samkvæmt alþjóðasáttmálum og 73. gr. stjórnarskrárinnar. Af dómaframkvæmd er ljóst að allar takmarkanir til skerðingar á því frelsi verður að skýra þröngt. Þá má sjá af nýlegri dómaframkvæmd að þróunin er enn frekari í átt til verndunar tjáningarfrelsinu.

Við lestur síðunnar má sjá að um gríðarlega vandaða og ítarlega umfjöllun er að ræða, þ.m.t. um starfshætti sóknaraðila. Það eitt að umræðan sé óþægileg fyrir varnaraðili þýðir það ekki að unnt sé loka á hana með lögbanni. Nákvæmlega undir þessum kringumstæðum er tjáningarfrelsið mikilvægast. Hér ber auk þess að hafa í huga að sóknaraðili er ekki einstaklingur heldur samtök sem hafa beitt sér í áratugi gegn einstaklingum, samtökum, ríkjum og skoðunum manna. Jafnframt hafa þau beitt sér fyrir því að stjórna umræðunni, þ.m.t. með því að annast þjálfun lögreglu og með því að hafa áhrif á námsefni í skólum. Samtök sem vinna með þeim hætti verða að þola harða ádeilu og geta ekki slökkt á slíkri ádeilu með því að veifa hatursorðræðupassanum án raka og þannig slökkt á hinni óþægilegu upplýsingaveitu sem vefsíðan er.

Þá ber til þess að líta að umfjöllun á vefsíðunni er aðeins samantekt á upplýsingum sem stafa frá sóknaraðila sjálfum, upplýsingum úr dómsmálum, fréttum, greinaskrifum o.fl. Þannig eru engar staðhæfingar að finna á vefsíðunni sem ekki eiga stoð í heimildum eða skrifum annarra.

Augljóst má vera að bann við hýsingu eða aðgangi gengur allt of langt enda mikið magn af upplýsingum á vefsíðunni. Á því er nánar byggt að kröfur sóknaraðila séu

allt of viðurhlutamiklar. Jafnframt er á því byggt að kröfurnar, eins og þær eru settar fram, feli í sér augljósa skerðingu á tjáningarfrelsinu en í þeim felst krafa um lokun vefsíðunnar í heild sinni. Þannig er ekki verið að krefjast þess að lögbann verði lagt við birtingu tiltekinna ummæla á vefsíðunni heldur einfaldlega að henni verði lokað.

Þá ber til þess að líta að sóknaraðili krefst þess einnig að lögbann verði lagt við því að varnaraðili „dreifi gögnum, efni og upplýsingum sem á [vefsíðunni] eru birt“ eins og segir í kröfugerð. Í þessari kröfu er í raun falið að engin vefsíða sem hýst er hjá varnaraðila má birta nokkuð efni sem nú er á umræddri vefsíðu hvort sem það varðar sóknaraðila eða aðra. Í þessari kröfugerð kristallast í raun tilgangurinn með lögbanninu, þ.e. að þagga niður umfjöllun um sóknaraðila. Að áliti varnaraðila er útilokað að leggja á lögbann með þessum hætti. Í raun má líkja lögbannskröfunni við það að krafist yrði lögbanns á hýsingu mbl.is ef umfjöllun í Staksteinum færi fyrir brjóstið á þeim sem setur fram kröfuna. Blasir hér við að gengið er allt of langt hvornig sem á málið er litið.

Á því er byggt af hálfu varnaraðila að aldrei gæti komið til þess að lagt yrði lögbann við hýsingu vefsíðunnar í heild sinni eða efni hennar líkt og lagt er til grundvallar í kröfum sóknaraðila. Þar sem lögbannskröfunni er ekki markaður annar grundvöllur er útilokað að fallast á lögbannskröfuna. Nánar er ekki hafðar uppi kröfur um lögbann við tilteknum ummælum líkt og tíðkast a.m.k. til vara. Varnaraðili vekur á því athygli að sóknaraðili hefur óskað sérstaklega eftir því að útlistað verði nákvæmlega hvaða ummæli sóknaraðili telur til „hatursorðræðu“. Jafnframt hefur verið óskað eftir að upplýst verði til hvaða ætluðu refsiverðu háttsemi sóknaraðili telji að verið sé að hvetja til á vefsíðunni. Nánar segir í tölvupósti sem sendur var lögmanni sóknaraðila þann 10. mars 2023:

„Í áskoruninni frá þér er vísað til vefsíðunnar mapliberation.org. Sagt er að á vefsíðunni sé að finna hatursorðræðu og sagt að aðilar séu hvatir til þess að grípa til aðgerða og þær ekki túlkaðar með öðrum hætti að mati umbj. þíns en sem hótanir eða hvatning til refsiverðrar háttsemi.

Þess er hér með óskað að tilgreind verði nánar hvað skjólstæðingar þínir telja nákvæmlega falli undir "hatursorðræðu". Þá er óskað eftir að upplýst verði nákvæmlega hvaða refsiverðu háttsemi verið er að hvetja til að mati umbj. þinna með nákvæmum tilvísunum í texta á vefsíðunni.

Beiðni þessari var ekki svarað. Af þeirri ástæðu var ekki unnt að koma þeim skilaboðum til þjónustuþega hvaða ætluðu ummæli eiga að fela í sér hatursorðræðu.

Í 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann o.fl. segir í 1. mgr. að lögbann megi leggja við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar ef gerðarbeiðandi sannar eða gerir sennilegt að athöfnin brjóti

eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að gerðarþoli hafi þegar hafist handa um athöfnina eða muni gera það, og að réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum, verði hann knúinn til að bíða dóms um þau.

Varnaraðili telur að efni vefsíðunnar geti ekki talist athöfn sem raskar lögvörðum rétti sóknaraðila með þeim hætti að lögbanni verði beitt. Þá hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á að hagsmunir fari forgörðum enda þótt hann þurfi að bíða dómsúrlausnar um vernd þeirra. Þannig er á því byggt að skilyrði 1. mgr. 24. gr. laganna séu ekki uppfyllt. Hér ber til þess að líta að vefsíðan hefur verið hýst hjá varnaraðila í eitt ár þegar greinargerð þessi er rituð eða frá 18. júní 2022. Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á að hinir ætluðu hagsmunir réttlæti þá bráðabirgðagerð sem í lögbanni er falið þar sem krafa er gerð um skýra hagsmuni og brot gegn þeim sem hefur uppi kröfuna.

Þá verður að horfa til hagsmuna varnaraðila sem hýsir þúsundir erlendra vefsíðna en sóknaraðili telur að varnaraðili eigi helst ekki að láta málið til sín taka þar sem hann hafi svo takmarkaða hagsmuni að verja. Varnaraðili bendir á að ef unnt yrði að ná fram lögbanni á grundvelli staðhæfinga um að efni feli í sér hatursorðræðu án þess að nokkur yfirvöld hafi talið ástæður til viðbragða gæti það haft í för með sér að fjöldi viðskiptavina telji ástæður til að beina viðskiptum sínum annað og frá Íslandi enda þótt hér á landi hafi verið sett löggjöf sem ætlað er að tryggja rúman rétt til tjáningarfrelsis á netinu. Varnaraðili er þannig að vernda bæði eigin hagsmuni sem og hagsmuni viðskiptavina sinna, þ.m.t. þjónustuþega í máli þessu.

Varnaraðili áréttar að í umræddum skrifum er ekki gengið nær meintu einkalífi sóknaraðila eða annarra umfram það sem þeim ber að þola í opinberri umræðu í lýðræðissamfélagi auk þess sem á því er ekki byggt af hálfu sóknaraðila. Fyrir liggur að þjónustuþegi gagnrýnir sóknaraðila harðlega og telur sóknaraðila leynt og ljóst vinna gegn hagsmunum m.a. Palestínu og reyndar hagsmunum gyðinga. Þá verður ekki annað ráðið af umfjöllun sem vísað er til á vefsíðunni að sóknaraðili hafi það hlutverk að stunda þöggunartilburði auk þess sem fram kemur að samtökin hafi í áratugi stundað njósnir og beiti þeirri aðferð að gera aðgerðarsinum ranglega upp að vera glæpasamtökum ef þeir eru sóknaraðila eða málsstað samtakanna ekki þóknanlegir. Á vefsíðunni kemur fram að sóknaraðili nýti sér í því sambandi tengsl við hina ýmsu aðila sem einnig eru nefndir á vefsíðunni.

Varnaraðili telur óvarlegt að ætla að fullnægt sé áskilnaði 24. gr. laga nr. 31/1990. Við mat á því hvort þau atriði sem tilgreind eru í 3. mgr. 24. gr. laganna teljast uppfyllt, þ.m.t. 2. tl. verður að horfa einkum til hagsmuna höfunda efnisins og/eða þjónustuþega en ekki varnaraðila. Útilokað er að mati varnaraðila að horfa aðeins til hagsmuna hans af lögbanninu en ekki eiganda vefsíðunnar eða höfunda efnisins. Ella væri hagsmunum þjónustuþega hýsingaraðila kastað fyrir róða. Þjónustuþega er eðli

málsins gríðarlega mikilvægt að vefsíðan verði ekki tekin niður á grundvelli lögbanns sem lagt yrði á hýsingu síðunnar á Íslandi.

Sóknaraðili hefur haldið því fram að samtökin hafi þegar orðið fyrir tjóni vegna vefsíðunnar. Hvergi er að finna umfjöllun um í hverju hið ætlaða tjón er falið og hvernig vefsíðan á að hafa valdið tjóninu. Ef tjónið er falið í því að almenningur sé nú betur upplýstur getur það ekki verið rök fyrir lögbanni. Varnaraðili bendir á að vefsíðan er ekki eini staðurinn þar sem fjallað er um sóknaraðila á gagnrýninn hátt. Í dæmaskyni má vísa á eftirtaldar vefsíður:

<https://www.bostonreview.net/articles/emmaia-gelman-anti-defamation-league/>
<https://droptheadl.org/the-adl-is-not-an-ally/>
<https://www.latimes.com/archives/la-xpm-1999-sep-28-me-15044-story.html>
<https://www.latimes.com/archives/la-xpm-1993-04-13-mn-22383-story.html>
<https://forward.com/news/381488/adl-tells-police-to-infiltrate-and-film-antifa-protests/>
<https://electronicintifada.net/content/israel-lobby-group-adl-rehabilitates-hitlers-accomplices-ukraine/35021>
<https://www.nytimes.com/1985/01/30/us/middle-east-group-wnts-anti-defamation-league-to-disown-list.html>
<https://cairnational.medium.com/criticizing-israels-apartheid-policies-isn-t-anti-semitic-and-hasn-t-led-to-a-surge-in-c736b1313835>
<https://www.thenation.com/article/activism/adl-greenblatt-extremist/>
<https://www.israellobby.org/ADL/>
<https://electronicintifada.net/content/anti-racist-organizations-must-drop-adl/35316>
<https://jewishcurrents.org/the-anti-democratic-origins-of-the-jewish-establishment>
<https://jewishcurrents.org/how-the-adls-israel-advocacy-undermines-its-civil-rights-work>
<https://www.sandiegouniontribune.com/opinion/commentary/story/2021-12-06/zionism-antisemitism-israel-palestine>
<https://daisybenardo.medium.com/what-is-the-anti-defamation-league-doing-in-my-school-e9fc96a01a23>
<https://inthesetimes.com/article/anti-defamation-league-civil-rights-facebook-hate-speech-palestine-bds>
<https://jewishcurrents.org/attacks-from-pro-israel-groups-threaten-californias-ethnic-studies-curriculum>
<https://truthout.org/articles/watered-down-anti-racism-training-in-schools-is-perpetuating-racism/>
<https://www.alternet.org/2013/02/how-anti-defamation-league-fuels-islamophobia>
<https://www.jrbooksonline.com/adl/adl/adl-turned-notion-of-human-rights-on-head.htm>
<https://nycdoe-droptheadl.tumblr.com/>
<https://www.counterpunch.org/2013/06/12/adl-spies/>

<https://psmag.com/news/kings-garbage-76228>

Ef sóknaraðili telur sig hafa orðið fyrir tjóni er ósannað að það tjón stafi af umfjöllun á umræddri vefsíðu en ekki vegna annarra vefsíðna, þ.m.t. þeirra sem nefndar eru hér að framan. Undir málslið 93 í greinargerð sóknaraðila er staðhæft að sóknaraðili hafi orðið fyrir tjóni án þess að það sé frekar útskýrt og hvernig það tengist „lögvröðum réttindum“ sóknaraðila sem vísað er til í sömu málsgrein sem og hvaða lögvröðu réttindi það eru. Þá er vísað í eitthvað hugsanlegt tjón í framtíðinni sem vefsíðan á að leiða til án þess að það sé útskýrt en hér verður að hafa í huga að sóknaraðili fer aðeins með eigin hagsmuni en ekki hagsmuni annarra. Varnaraðila er í raun ómögulegt að átta sig á því í hverju tjónið á að vera falið.

Þá verður ekki annað séð en að stór hluti af því efni sem er að finna á vefsíðunni beinist alls ekki að varnaraðila. Hér verður auk þess að áréttta tilgang síðunnar sem rakinn er hér í upphafi. Slík ummæli kunna að vera óviðurkvæmileg og geta gengið langt. Það þýðir ekki að skilyrði séu til þess að leggja lögþann við hýsingu síðunnar eða birtingu hennar. Í því fælist augljós ritskoðun.

Ef lögþann yrði lagt við hýsingu síðunnar væri það jafnframt þvert gegn ummælum í almennum athugasemdum með frumvarpi um breytingu á lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, (149. löggjafarþing 2018–2019, Þingskjal 810 – 494. mál) þar sem segir orðrétt:

„Með frumvarpinu er stefnt að rýmkun tjáningarfrelsis, sem næst með því að draga úr ábyrgð hýsingaraðila og skyldu þeirra til að fjarlægja gögn, en hætta er á að slík ábyrgð og skylda valdi kælingaráhrifum fyrir tjáningarfrelsi.“

Efni vefsíðunnar er þannig varin sökum tjáningarfrelsis líkt og fyrr greinir. Sama á við um ummæli sem sóknaraðili telur að kunni að hafa tvíræða merkingu en varnaraðili mótmælir því að ummæli á vefsíðunni feli í sér hvatningu um ofbeldi. Sem fyrr segir hefur verið skorað á sóknaraðila að upplýsa nákvæmlega hvaða ummæli hann telur brjóta gegn lögum.

Í greinargerð sóknaraðila undir málslið 20 og í lögþannsbeyðninni til sýslumanns undir málslið 19 er vísað til þess að á vefsíðunni sé hvatt til *aðgerða* gegn tilteknum aðilum og sérstaklega í því sambandi vísað til orðanna „*dismantled*“ og „*disturbed*“. Má ætla að þetta séu orðin sem sóknaraðili telur réttlæta að lagt verði lögþann við hýsingu vefsíðunnar og hún þannig lokuð fyrir almenningi. Sóknaraðili kys að þýða orðið *dismantled* sem „uppræta“. Varnaraðili telur þetta ranga þýðingu þar sem orðið vísar til þess að taka í sundur, t.d. að fyrirtæki verði leyst upp. Vísast hér til Cambridge dictionary (<https://cambridge.org/dictionary/english/dismantled>) þar sem eftirfarandi skýringar er settar fram um orðið:

to take a machine apart or to come apart into separate pieces:

She dismantled the washing machine to see what the problem was, but couldn't put it back together again.

The good thing about the bike is that it dismantles if you want to put it in the back of the car.

to get rid of a system or organization, usually over a period of time:

Over the next three years, we will be gradually dismantling the company and selling off the profitable units.

Unions accuse the government of dismantling the National Health Service.

Hér getur ekki ráðið úrslitum hvaða skilning sóknaraðli kýs að leggja í þessi ummæli. Hvort sem notast er við þýðinguna „uppræta“ eða „leysa upp“ er hér á engan hátt um að ræða hvatningu um ofbeldi eða hatursorðræðu. Hvað þá að ummælin réttlæti lögbann sem er sérstaklega viðurhlutamikil athöfn gegn tjáningarfrelsi þjónustuþega. Sama á við um orðið „disturbed“ eða truflun sem felur einfaldlega í sér að starfsemin sé trufluð. Hvorug háttsemin felur í sér brot gegn hegningarlögum.

Undir málslið 25 í greinargerðinni er tilgreind önnur ummæli sem sóknaraðili telur réttlæta lögbann. Þau eru eftirfarandi í þýðingu sóknaraðila:

Við höfum sýnt raunveruleg heimilisföng, nöfn fulltrúa og forystumanna, og kortlögð tengsl. Þessi félög eru raunverulega til og unnt er að raska þeim. Við vonum að fólk nýti sér kort okkar til þess að sjá hvernig séu unnt að bregðast við með áhrifaríkum hætti.

Sóknaraðili telur framangreind orð fela í sér „hvatningu eða ákall um aðgerðir gegn gyðingum.“ Svo segir um framsetninguna að lesendum „er eftirlátið að ákveða sjálfir í hverju slíkar aðgerðir skuli felast.“ Sóknaraðili er nánar að viðurkenna að ekki sé verið að hvetja til ofbeldis. Virðist þannig vera byggt á því að lesendur geti metið það svo að rétt viðbrögð séu ofbeldi. Varnarnaðili mótmælir þessari túlkun. Sömu túlkun mætti t.d. nota gegn ógrynni ummæla í ýmsum greinum og bókum þ.m.t. í Biblíunni. Þá er með öllu þýðingarlaust að vísa til ofbeldisbrota síðustu ára sem tengjast þessari vefsíðu ekki á nokkurn hátt. Þá er þýðingarlaust að vísa til ætlaðra áhyggja gyðinga á Boston svæðinu vegna vefsíðunnar en hér verður að horfa til þess að umfjöllunarefnið er óþægilegt fyrir marga enda gagnrýnin umfjöllun. Umfjöllunin beinist hins vegar ekkert sérstaklega að gyðingum nema síður sé. Í því sambandi skal tekið fram að verið er að fjalla um fjölmargar stofnanir og lögregluembætti sem tengjast ekki gyðingum á nokkurn hátt. Gagnrýnin á þær er hins vegar sú að þær hafa þegið kennslu og þjálfun frá sóknaraðila. Jafnframt

hafi embættismenn farið í ferðir með uppihaldi á kostnað sóknaraðila. Þá er verið að gagnrýna m.a. menntastofnanir sem hafa látið sóknaraðila hafa áhrif á námsskrá. Sóknaraðili er ekki yfir slíka gagnrýni hafinn né þeir sem hafa þegið slíkt eða samþykkt, þ.m.t. menntastofnanir og yfirvöld. Það að heimilisfang fyrirtækja eða stofnana séu tiltekin hefur hér enga þýðingu enda öllum aðgengilegar.

Þannig er bæði rangt og óvarlegt að staðhæfa að umfjöllunin beinist að gyðingum en sóknaraðila er það mikið í mun til að rökstyðja þá fullyrðingu að versíðan feli í sér gyðingahatur. Verður ekki annað séð en að hér sé verið að notast við sömu aðferðarfræði sem sóknaraðili er gagnrýndur fyrir að viðhafa á vefsíðunni.

Vegna fullyrðinga um að vefsíðan feli í sér gyðingahatur má benda á að sóknaraðili er m.a. gagnrýndur á vefsíðunni fyrir að berjast gegn hagsmunum gyðinga. Þannig segir í þýðingu Ellenar Ingvadóttur sem sóknaraðili lagði fram: „Á sama tíma og ADL þykist styðja gyðinga og að það berjist gegn „gyðingahatri“ fyrir þeirra hönd, hafa samtökin stutt við ofbeldi gegn gyðingum....“. Af þessu verður ráðið að þjónustuþegi er hér að gagnrýna sóknaraðila fyrir að stunda ofbeldi gegn gyðingum. Útilokað er hér að komast að þeirri niðurstöðu að þjónustuþegi sé að hvetja til ofbeldis eða stundi „hatursorðræðu.“ Á því er byggt af hálfu varnaraðila að verið væri að gengisfella það orð ef niðurstaðan yrði sú að umfjöllunin sem sóknaraðili vísar til feli í sér hatursorðræðu. Í því sambandi er mikilvægt að horfa til þess í hvaða samhengi ummælin eru sett fram og til starfshátta sóknaraðila allt frá miðri síðustu öld.

Varnaraðili bendir jafnframt á að alþekkt er að einstaklingar eða fyrirtæki séu hvött til viðbragða gagnvart hinum ýmsu aðilum. Má í þeim efnum nefna Amnesty International sem beitir ítrekað þeim aðferðum að einstaklingar eru hvattir til aðgerða gegn tilteknum aðilum eða ríkjum. Stéttarfélag hafa hvatt félagsmenn til að eiga ekki viðskipti við tiltekin fyrirtæki og þau listuð upp og staðsetning þeirra. Þá hafa Ísraelsmenn verið beittir þrýstingi hér á landi með hvatningu um að ísraelskar vörur verði sniðgengnar. Vísast í því sambandi m.a. til fréttar sem birtist á mbl.is 12. september 2002 með fyrirsögninni *Hvetja til að ísraelskar vörur verði sniðgengnar*. Slíkt felur ekki í sér hatursorðræðu. Þá má nefna að dýraverndunarsamtök hafa frá árinu 2014 haldið úti herferðinni *Don't buy from Icelandic whalers* þar sem þau hvetja til þess að fyrirtæki í tengslum við Hval hf., þ.m.t. HB Grandi og Brim verði sniðgengin.

Þjónustuþegi telur einfaldlega tiltekin fyrirtæki, hagsmunasamtök og stofnanir séu að beita sér gegn hagsmunum sem þjónustuþegi er að vernda. Þessir aðilar virðast hafa verið listaðir upp og lagt í hendur hvers og eins að ákveða hver viðbrögð þeirra eru. Það eitt að viðkomandi eru komnir á slíka lista getur leitt til þess að þeir sjái að sér t.d. hætti að senda lögreglumenn í þjálfun hjá sóknaraðila eða skólar gæti að því hver stjórnar því hvaða efni er kennt í skólum. Þá geta viðbrögð almennings falist í því að

vera gagnrýnin á starfshætti þessara aðila. Jafnframt geta viðbrögðin verið falin í því að almenningur eða fyrirtæki forðist að eiga viðskipti við þessa aðila sem leiði til þess að starfsemin leggist af. Enn fremur getur hún falist í því að einhverjir kjósa að senda áskoranir reglulega á þessa aðila og jafnvel daglega. Kjarni málsins er sá að hvergi er hvatt til ofbeldis nema síður sé enda ber vefsíðan með sér að vera gagnrýnin afskipti, þ.m.t. njósnir og ofbeldi. Það eitt að gyðingar kunni að standa að baki einhverri starfsemi réttlætir það ekki að lögbann verði lagt á hýsingu vefsíðunnar á þeim grundvelli að um *hatursorðræðu* sé að ræða eða *gyðingahatur*. Halda má fram með rökum að í kröfum sóknaaðila felist þöggunartilburðir. Máltilbúnaður sóknaraðila verður í raun nokkuð broslegur þegar farið er yfir sögu sóknaraðila og þá gagnrýni sem sett er fram í garð samtakanna á vefsíðunni og víðar.

Kjarni málsins er sá að efni vefsíðunnar felur ekki í sér hatursorðræðu né gyðingahatur enda hefur málsstaður sóknaraðila hvergi fengið stuðning, þ.m.t. í Bandaríkjunum þar sem kröfur hafa verið settar fram. Þá er skilyrði fyrir lögbanni ekki uppfyllt. Þá leiðir kröfugerð til þess að ómögulegt er að fallast á kröfuna en hún er allt of viðurhlutamikil eins og hún er sett fram. Má ætla að sóknaraðili hafi með vilja sett kröfurnar fram þannig að þær beinast ekki að tilteknum ummælum þar sem ætlan sóknaraðila er að loka vefsíðunni í heild sinni þar sem hún virðist ekki sóknaraðila þóknanleg óháð því hvaða ummæli beinast að sóknaraðila. Helst verður ráðið af máltilbúnaði sóknaraðila að kröfugerðin varði tvö orð, þ.e. orðin „*dismantled*“ og „*disturbed*“. Sem fyrr segir réttlæta þessi orð ekki kröfur sóknaraðila. Þá er á því byggt að ummælin séu ekki umfram það sem sóknaraðili verður að þola í lýðfrjálsu landi.

Í máltilbúnaði sínum hefur sóknaraðili vísað til tiltekinna hæstaréttardóma kröfum sínum til stuðnings. Á því er byggt af hálfu varnaraðila að dómarnir hafi ekkert fordæmisgildi í máli þessu eða þýðingu en umrædd dómsmál vörðuðu dreifingu á höfundarréttarvörðu efni. Ekkert slíkt er undir í máli þessu.

Sóknaraðili byggir á því í greinargerð sinni til héraðsdóms að umfjöllun á vefsíðunni feli í sér brot gegn friðhelgi einkalífs og brjóti gegn æru sóknaraðila og starfsmanna samtakanna, sbr. m.a. umfjöllun undir málsliðum 52-53 í greinargerð. Ekki var byggt á þessum málsástæðum í lögbannsbeiðninni sem einskorðast við að tiltekin ummæli feli í sér hatursorðræðu. Koma umræddar málsástæður því ekki til skoðunar auk þess sem þær eru þýðingarlausar. Hvað sem öðru líður fela engin ummæli í sér skerðingu á friðhelgi einkalífs né brjóta gegn æru sóknaraðila né ónafngreindra starfsmanna sem ekki eru aðilar máls þessa. Þá er á því byggt að sönn ummæli geti ekki falið í sér brot auk þess sem tjáningarfrelsið veitir þjónustupega rétt til ályktana af gögnum en vefsíðan vísar undantekningarlaust í heimildir, þ.m.t. gögn sem lekið hafa út frá sóknaraðila. Þá hefur sóknaraðili ekki vísað til þeirra ummæla sem eiga að hafa brotið gegn friðhelgi einkalífs eða æru sóknaraðila eða starfsmanna sóknaraðila. Þegar af þeirri ástæðu ber að hafna kröfu

um lögbann. Ef málatilbúnaðurinn hefði byggt að þessum grundvelli í upphafi hefði eðli málsins samkvæmt átt að setja fram ummælin í lögbannskröfunni til sýslumanns og krefjast lögbanns gagnvart birtingu þeirra tilteknu ummæla. Sem fyrr segir er slíkt ekki þóknanlegt sóknaraðila sem vill loka síðunni í heild sinni þar sem hún felur í sér samantekt efnis m.a. um sóknaraðila sem sóknaraðila þykir óþægileg. Þá er á því byggt að ekki verði leyst úr þessum málsástæðum í lögbannsmáli. Rétt hefði verið af hálfu sóknaraðila að höfða meiðyrðamál ef sóknaraðili telur í raun að vefsíðan feli í sér ærumeyðandi ummæli en því er með öllu hafnað að svo sé. Varnaraðli mótmælir tilvísun sóknaraðila í greinargerð til laga sem þýðingarlausar í máli þessu.

Með vísan til alls framangreinds og forsendna sýslumanns í máli nr. 2023-260291 er á því byggt að staðfesta beri niðurstöðu embættisins frá 26. apríl 2023 um að hafna beiðni um lögbann. Jafnframt er gerð krafa um að hafnað verði kröfu sóknaraðila um málskostnað úr hendi varnaraðila sama hver niðurstaða málsins kann að verða. Varnaraðili telur hins vegar rétt að sóknaraðilum verði gert að greiða varnaraðila málskostnað. Að öðru leyti er öllum málsástæðum og málatilbúnaði sóknaraðila mótmælt.

V

Varnaraðili vísar til laga nr. 31/1991, laga nr. einkum 24. gr. Þá vísar varnaraðili til laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu nr. 30/2002. Jafnframt vísar varnaraðili til stjórnarskrárinnar, einkum 73. gr. hennar og 10. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994. Krafa um málskostnað styðst við ákvæði laga nr. 91/1991, sbr. lög nr. 31/1991 og nr. 90/1989.

VI

Varnaraðili leggur nú fram:

50. Greinargerð þessa.
51. Ársreikningur ADL 2020 unnin af KPMG
52. Skýrsla Joseph M. Kirman – Major Programs of the B'nai B'rith Anti-Defamation League: 1945-1965
53. Skýrsla Dore Schary, stjórnarmanns ADL til Benjamin R. Epstein, framkvæmdastjóra ADL frá árinu 1964.
54. Frétt Los Angeles Times frá 28. september 1999 sem ber nafnið *Anti-Defamation League Settles Spying Lawsuit*.
55. Frétt Eir News Service rituð af Joseph Brewda 7. maí 1993 undir fyrirsögninni „*The Joftes Case: ADL spying for Israel since the 1960s*“
56. Bréf Benjamin R. Epstein til Saul Joftes frá 7. júlí 1961.

57. Frétt Counter Punch frá 12. júní 2016 sem ber heitið ADL Spies on Americans þar sem fjallað er m.a. um bréf Benjamin R. Epstein til Saul Joftes frá 7. júlí 1961.
58. Frétt The Israel Lobby Archive undir fyrirsögninni „*Criminal investigation and successful civil lawsuits against the ADL over privacy right ciolations – 1992 – 1993*“.
59. Árskýrsla ADL frá árinu 2016 um lögregluþjálfun samtakanna.
60. Gögn frá ADL um lögregluþjálfun, þ.m.t. tölvupóstar, kynningarefni og kostnaðaruppgjör.
61. Frétt The New York Times frá 30. janúar 1985 sem ber heitið *Middle east group wnts Anti-Defamation League to dosown list*.
62. Grein Emmaia Gelman frá 23. maí 2019 sem birtist í Boston Review undir fyrirsögninni *The Anti-Defamation League Is Not What It Seems*.
63. Grein Mariam Barghouti sem birtist á vefsíðunni restofworld.org undir yfirskriftinni „I am Palestinian. Here’s how Israel silences us on social media.“

Áskilinn er réttur til að leggja fram gögn á síðari stigum, reifa málið frekar og rökstyðja kröfur varnaraðila nánar.

Virðingarfyllt,
f.h. varnaraðila,

Ólafur Örn Svansson hrl.

Til Héraðsdóms Reykjavíkur